

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Árbúðir, fjallaskáli.*

Í deiliskipulaginu felst að skilgreind er um 2 ha lóð fyrir hálandismiðstöð. Þar eru fyrir 87 m<sup>2</sup> gistiskáli, 85 m<sup>2</sup> sölu- og veitingaskáli, 95 m<sup>2</sup> hesthús, um 20 m<sup>2</sup> starfsmannahús og um 15 m<sup>2</sup> hús fyrir salerni og sturtu.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að stækka megi núverandi gistiskála um 100 m<sup>2</sup> auk byggingar þriggja nýrra gistiskála, allt að 100 m<sup>2</sup> hver. Gisting getur verið fyrir allt að 70 gesti. Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 700 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. september 2021.

*Deiliskipulag, Geldingafell, fjallaskáli.*

Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru tvær um 2 ha lóðir fyrir gisti- og veitingaaðstöðu og tengda starfsemi. Innan svæðisins eru nú sjö byggingar með aðstöðu fyri gesti og starfsfólk og búnað fyrir þjónustu og ferðamenn, m.a. vélsleðaferðir á Langjökul. Á hvorri lóð verður heimild fyrir allt að fimm byggingum, samtals 700 m<sup>2</sup> á hvorri lóð. Jafnframt er á hvorri lóð gert ráð fyrir gistiaðstöðu fyrir allt að 25 manns, veitingaaðstöðu og aðstöðu fyrir ýmiss konar búnað.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. september 2021.

*Deiliskipulag, Hryggholt, L210675.*

Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda og notkunar innan landsins. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði byggð bæjartorfa með minniháttar búrekstri s.s. hrossarékt og ylækt. Auk þess er gert ráð fyrir ferðaþjónustu og skógrækt.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. september 2021.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

—————  
B-deild – Útgáfud.: 7. október 2021